

Sagan:

Breiðdalsvík. Leikskólinn Hellubær var starfræktur í u.þ.b. 20 ár í samnefndu húsi í þorpinu. Árið 1997 flutti hann í nýtt húsnæði, sem fékk nafnið Ástún eftir túninu sem hann stendur á. Árið 2020 flytur hann undir sama þak og grunnskólinn.

Stöðvarfjörður. Leikskólastarf hófst með hléum 1973 (í tengslum við loðnuvertíð), en formlegt starf árið 1981 í Bakkagerði. Árið 1988 flutti hann í nýtt húsnæði sem fékk nafnið Balaborg, eftir túninu sem hann stendur á (heitir Balinn). Árið 2012 flytur hann undir sama þak og grunnskólinn.

Almennar upplýsingar:

Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóli er samrekin leik- og grunnskóli. Leikskóladeildirnar eru tvær og staðsettar á Breiðdalsvík og á Stöðvarfirði. Hægt er að sækja um vistun þegar barn hefur náð sex mánaða aldri. Leikskólinn er opin allra virka daga frá (misjafn tími milli deilda).

Skólastjórnendur sameinaðs skóla fara með yfirstjórn allra þátta, m.a. ráðningu starfsfólks, samkvæmt ákveðnum reglum og skipulag á nýtingu húsnæðisins. Deildarstjórar leikskóladeilda bera hins vegar faglega ábyrgð á öllu innra starfi leikskólans og fara með daglega stjórn hans, í samráði við skólastjórnendur. Með sameiningunni verður samfellan meiri og skil milli skólastiganna ekki eins skörp. Einnig verður betri samnýting á starfsfólki og aðstöðu. Nemandi sem innritast í leikskólann er þar með orðinn nemandi Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóla og verður það hvort heldur hann stundar nám á leikskóla- eða grunnskólastigi. Leitast er við að samþætta skólastigin og er starfsfólk að vinna á báðum skólastigunum. Einnig fá nemendur tækifæri til að kynnst starfi beggja. Sem dæmi má nefna er gert ráð fyrir að nemendur matist saman í hádeginu og útileiktæki nýtast öllum, þó ekki á sama tíma.

Leikskólinn er starfræktur tæplega 11 mánuði á ári. Yfir sumartímamann er lokað í fjórar vikur vegna sumarleyfa barna og starfsfólks, nema annað sé tekið fram.

Gert er ráð fyrir að þau komi og séu sótt innan þess tíma sem foreldrar sækja um í upphafi. Hægt er að sækja um viðbótartíma eða aðrar breytingar skriflega hjá leikskólastjóra. Ósk um breytingu á vistun þarf að **berast fyrir 20. hvers mánaðar.**

Dagleg starfsemi:

Byrjað er á rólegu viðfangsefni kl. 8:00 eins og að lesa bók eða pússla.

Morgunmaturinn byrjar síðan um kl 08:20.

Skipulagt starf er milli kl. 9:00 - 11:00 og er mjög æskilegt að nemendurnir séu komnir kl. 9:00. Þá er m.a. farið í íþróttahúsið, myndlistarstofu eða verið inn á deild.

Eftir útivist er farið í söngstund en þar syngjum við sömu lögin í mánuð, svo nemendur læri textann. Hádegismaturinn er kl. 11:50 – 12:00 og hvíldin byrjar 12:30. Eftir hana er annað hvort farið út eða verið inni á deild og elstu börnin í skólahóp.

Nónhressing kl. 14:30 og síðan frjáls leikur inn á deild eða úti.

Aðlögun:

Að byrja í leikskóla er ný reynsla fyrir barnið og foreldri þess. Kynnst þarf nýju og framandi umhverfi. Mikilvægt að vel sé staðið að aðlöguninni í upphafi. Fyrstu dagana er barnið með foreldri/forráðamanni í leikskólanum, það veitir barninu öryggiskennd og tengsl myndast á milli kennara, barns og foreldra/forráðamanns. Barnið og foreldrið/forráðamaður kynnst starfsemi deildarinnar og leikskólans. Aðlögun tekur u.þ.b. 5 daga en getur orðið lengri allt eftir því hvernig gengur. Aðlögunarplanið er unnið í samráði við foreldra/forráðamenn.

Viðtöl:

Boðað er til foreldraviðtala árlega og eru þau í febrúar/mars, nema eitthvað sérstakt sé. Þar er farið yfir þroskaþætti og líðan barnsins í leikskólanum. Stefnt er að halda einn foreldrafund að hausti, þar sem vetrarstarfið er kynnt. Á þeim gefst tækifæri til að ræða við kennara og foreldrar geta rætt sín á milli.

Farið er með allar upplýsingar um barnið sem trúnaðarmál

Samstarf heimilis og leikskóla:

Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi og velferð barna sinna, en leikskólanum ber að veita foreldrum stuðning í uppeldi barna.

Mikilvægt er að náíð samstarf og gagnkvæmt traust skapist milli heimila og skóla. Foreldrar þekkja barn sitt best, þeir hafa þekkt það frá fæðingu og fylgst með þroskaferli þess og líðan.

Leikskólakennari kynnist barni í leikskólastarfi og þekkir þroska þess, færni og viðbrögð í barnahópi.

Fjarvera barna:

Nauðsynlegt er að látið vita ef barnið mætir ekki í leikskólann vegna veikinda eða af öðrum ástæðum. Hafi barn verið fjarverandi vegna veikinda í a.m.k. **1 mánuð** er heimilt að fella niður dvalargjöld um helming gegn framvísun læknisvottorðs. Ef barn er fjarverandi í 2 vikur samfelld (10 virka daga) eða meira er hægt að sækja um niðurfellingu fæðisgjalds, þann tíma, enda sé fjarvera tilkynnt með fyrirvara (helst með tölvupósti).

Lyfjagjafir barna:

Lyf eru ekki gefin í leikskólanum nema í undantekningartilvikum svo sem þegar um ofnæmislyf er að ræða eða lækni ávísar lyfi á ákveðnum tímum dags.

Uppsögn á leikskólaplássi

Leikskólaplássi ber að segja upp með mánaðar fyrirvara og er miðað við 1. hvers mánaðar, uppsögnin þarf að berast fyrir 20. hvers mánaðar. Greiðsla leikskólagjalda er innheimt af Fjarðabyggð. Greitt er mánaðarlega, fyrirfram og er gjalddagi 1. hvers mánaðar og eindagi þann 30. Fari skuld fram yfir 2 mánuði er litið svo á að leikskólaplássi sé sagt lausu, og undangenginni aðvörung frá leikskólastjóra er hægt að ráðstafa því til annarra.

Aukaföt:

Við viljum minna á að nauðsynlegt er að börnin hafi meðferðis föt er hæfa veðri hverju sinni, kuldagalla, pollaföt, hlífðarbuxur og þ.h. Þessi föt mega hanga í hólfum barnanna alla vikuna en vinsamlega takið þau heim á föstudögum.

Vinsamlega kíkið reglulega í kassann til þess að vita hvort það vanti í hann. Það er ekki gott fyrir barnið ef það vantar húfu, vettlinga eða eitthvað annað, því við höfum engin föt til að lána.

Við minnum líka á það að fötin sem börnin eru í á leikskólanum eru vinnuföt. Börnin fara að sjálfsögðu í svuntu þegar þau eru að vinna sullvinnu en alltaf geta komið fyrir óhöpp og þá er leiðinlegt ef það er ný og góð flík. Ekki er tekin ábyrgð á fatnaði sem skemmist.

Í byrjun og lok dags:

Við í leikskólanum viljum minna á að virða umsóttan vistunartíma. Þ.e. ekki koma of snemma með barnið og ekki sækja það of seint. Barn sem er með tíma t.d. til kl. 16 á að vera farið kl. 16. Við merkjum við í þau skipti sem það gerist. Varðandi garðhliðið; Vinsamlega lokið því **ALLTAF** og látið slýskjuna fyrir. Við óskum eftir því að bílar séu ekki skildir eftir í gangi hér við leikskólann.

Leikföng:

Leikföng að heiman eru ekki leyfð nema ef kennarar auglýsi dótadag eða það tengis námi nemendans. Dót að heiman veitir nemenda oft öryggiskennd. Yngstu nemendurnir eru oft með lítið tuskudýr eða dulu til að hafa í hvíldinni.

Starfsdagar (sjá nánar á leikskóladagatali):

- * Starfsdagar eru fimm (verða sex) á ári og eru þeir auglýstir fyrirfram.
- * Starfsdagar eru nýttir til skipulagningar á starfinu, kynnisferða og til námskeiða.
- * Nemendur koma ekki í leikskólann á starfsdögum.

Afmæli.

- Við gerum okkur glaðan dag í leikskólanum á afmælisdögum nemanda. Þeir fá kórónu, afmælissöngurinn er sunginn, þeir fá að sækja matarvagninn og stundum sérstakt skjal er látið hanga fyrir ofan hólf.
- Heimilt er að koma með afmælisköku eða ís í tilefni dagsins.

Vakin er athygli á því að ekki er heimilt að dreifa boðskortum í leikskólanum, nema í samráði við deildarstjóra!!

Stoðþjónusta:

Skólinn hefur aðgang að ráðgjöf og þjónustu frá Skólaskrifstofu Austurlands á Reyðarfirði. Boðið er uppá þjónustu talmeinafræðings, sálfræðings, kennsluráðgjafa og fleira fagfólks. Gott samstarf hefur verið milli þessara aðila og hefur skólinn nýtt þjónustuna vel, bæði hvað varðar greiningar á börnum og fengið ráðleggingar. Bæði forráðamenn, nemendur og starfsfólk skólans geta haft frumkvæði að því að leitað verði til skólaskrifstofunnar. Starfsmenn skólans hafa ekki samband við Skólaskrifstofu án samráðs við forráðamenn. Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóli tekur þátt í átakinu: Bættur námsárangur ásamt öðrum leikskólum á Austurlandi. Sérfræðingar frá Skólaskrifstofunni, ásamt starfsfólki leikskólans, leggja reglulega skimanir fyrir nemendur og er mikil eftirfylgni þegar niðurstöður liggja fyrir. Mjög gott samstarf þarf að vera við heimili nemenda. Leikskólinn hefur gert læsisstefnu sem er á heimasíðu skólans. Verið að vinna að stærðfræðistefnu en í henni mun koma fram áherslur skólans í þessum efnunum.

Upplýsingatöflur:

Hvor deild fyrir sig hefur upplýsingatöflu inn á sinni deild. Á töflunni er upplýsingum komið á framfæri til foreldra barna um það sem búið er að vera að gera yfir daginn sem og skilaboð fyrir næstu daga.

Brúum bilið:

Góð samvinna er/verður á milli leik- og grunnskóladeildar um undirbúning barna fyrir grunnskólagönguna. Markmiðið með samstarfinu hefur m.a. verið:

- að skapa samfellu í námi barna/nemenda á þessum tveimur skólastigum.
- að byggja upp gagnkvæman skilning og þekkingu milli skólastiganna.
- að stuðla að öryggi og vellíðan barna við að fara af einu stigi á annað.
- að vinna saman að verkefnum sem hæfa nemendum á þessum aldri.
- að gera börnin læs á skólaumhverfið í fylgd leikskólakennara.

Í sameinuðum skóla er gert ráð fyrir að deildirnar þróa samstarf sitt. Samstarf okkar felst m.a. í gagnkvæmum nemendaskiptum og á hverju skólaári eru tilteknir dagar valdir fyrir þessi nemendaskipti.

Matseðlar:

Í Fjarðabyggð sameiginlegur matseðill fyrir alla leik- og grunnskóla og er birtur á heimasíðu skólans og sveitarfélagsins. Matseðilinn rúllar á 7 vikna fresti og þeir sem sjá um matinn koma til að hafa úr nokkrum uppskriftum að velja hvern dag. Við samsetningu matseðlana er farið eftir ráðleggingum frá landlæknisembættinu sem styðjast við samnorrænar næringarráðleggingar. Hér fyrir neðan verður hægt að sjá matseðla fyrir hverja viku.

- Fiskur eða fiskréttir tvisvar í viku. Líka feitur fiskur
- Kjöt eða kjötréttir tvisvar í viku
- Súpur, skyr, hrísgrjónagrautur eða léttur réttur einu sinni í viku
- Grænmeti, salat og ávextir í boði alla daga
- Gróft brauð (með háu hlutfalli trefja)

Óveður:

Starfsfólk skólans mætir til vinnu hvernig sem viðrar nema almannavarnanefnd í umdæmi lögreglustjórans á Austurlandi, hafi mælst til þess að fólk sé ekki á ferli. Telji foreldrar veður viðsjált, halda þeir börnum sínum heima og tilkynna það til skólans.